

Titill: Mentorverkefni

Skammstöfun: MENT3AV05

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Mentorverkefni

Prep: 3

Einingafjöldi: 5

Lýsing:

Mentorverkefnið byggir á þeirri hugmyndafræði að samskipti barns og mentors séu jákvætt innlegg í líf barnsins því mentorinn verði barninu fyrirmynd og veiti því stuðning. Tengslin sem myndast milli mentors og barns geti því bætt við möguleika barnsins við mótun sjálfsmyndar sem komi fram m.a. í meiri námsáhuga og árangri auk aukinnar lífsleikni. Þessi tengsl skapar mentorinn fyrst og fremst með því að skipuleggja uppbyggjandi og skemmtilegar samverustundir í samráði við barnið og foreldra þess. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hver annars. Í mentorverkefninu eru gerðar kröfur til nemenda um að þeir setji sér skýr markmið, sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og séu skapandi í hugsun.

Forkröfur: 18 ára aldurstakmark

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mentorhlutverkinu
- hugmyndafræði mentorverkefnisins Vináttu
- mikilvægi fyrirmynda í félagsmótun barna
- meðferð trúnaðarupplýsinga

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sér markmið í námi
- skipuleggja samverustundir
- leita lausna í samvinnu við aðra
- skrá og fara með trúnaðarupplýsingar
- meta eigin frammistöðu á gagnrýnninn hátt

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera jákvæð fyrirmynd grunnskólabarns
- geta átt uppbyggileg samskipti við annað fólk
- geta lagað sig að margbreytilegum aðstæðum
- vinna að velferð barna og öðlast viðtæka reynslu í samskiptum við börn

Námsmat: Þátttaka í samverustundum, þátttaka í hópfundum, dagbækur, lokaverkefni